

Reglugerð fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla í Dalvíkurbyggð

1. grein

Safnið ber heitið Héraðsskjalasafn Svarfdæla með aðsetur í Dalvíkurbyggð. Héraðsskjalasafn Svarfdæla er sem slíkt eign Dalvíkurbyggðar og lýtur yfirstjórn bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar sem jafnframt sér safninu fyrir rekstarfé.

2. grein

Starfsemi safnsins skal hagað í samræmi við 4. gr. safnalaga nr. 106/2001, eftir því sem við verður komið. Meginverkefni safnsins er að annast söfnun á rituðum bókum, skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum úr Dalvíkurbyggð. Haga skal vörslu slíkra minja með þeim hætti að þau skemmist ekki eða glatist umfram það sem óhjákvæmilegt getur talist. Veita skal gestum safnsins aðgang og afnot af safnsmunum eftir því sem frekast verður við komið. Héraðsskjalavörður skal halda aðfangabók og skrá í hana jafnóðum og skjöl og önnur gögn berast safninu.

3. grein

Menningarráð Dalvíkurbyggðar, eða það ráð eða nefnd sem kemur í þess stað, fer með stjórn Héraðsskjalasafns Svarfdæla. Stjórn safnsins ræður safninu forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður safnsins á rétt til setu á fundum ráðsins þegar fjallað er um málefni safnsins. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

4. grein

Í Héraðsskjalasafninu skal geyma skjöl og bækur eftirtalinna embætta og opinberra stofnana og nefnda og frjálsra félaga:

1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. “ sáttanefnda.
3. “ sýslunefnda.
4. “ hreppsnefnda.
5. “ bæjarstjórna.
6. “ bæjar- sýslu- eða hreppsfyrirtækja.



7. “ forðagæslumanna.
8. “ yfirs kattanefnda.
9. “ undirskattanefnda.
10. “ undirfasteignamatsnefnda svo og aukamöt fasteigna.
11. “ skólanefnda.
12. “ barnaverndarnefnda.
13. “ héraðsfunda.
14. “ sóknarnefnda.
15. “ sjúkrasamlaga.
16. “ ræktunarsambanda.
17. “ búnaðarsambanda.
18. “ hreppa- og búnaðarféлага.
19. “ búfjárræktarféлага.
20. “ skógræktarféлага.
21. “ ungmennaféлага og íþróttaféлага.
22. “ lestrarféлага og annara menningarféлага.

Sveitarstjórn og stofnanir Dalvíkurbyggðar skuldbinda sig til að sjá svo um að afhendingarskyld skjöl í skilningi 5. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, skulu samtímis því og slík skjöl eru afhent Þjóðskjalasafni Íslands, að eintak slíkra skjala séu samtímis afhent Héraðsskjalasafni Svarfdæla. Nú skipa bæjarstjórnir, sýslunefndir, hreppsnefndir, héraðsfundir eða sóknarnefndir trúnaðarmenn eða nefndir, sem ekki er getið í þessari upptalningu, og eru öll skjalasöfn slíkra trúnaðarmanna eða nefnda afhendingarskyld til Héraðsskjalasafnsins.

5. grein

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar skuldbindur sig til þess að láta Héraðsskjalasafni Svarfdæla í té, ekki síðar en í lok marsmánaðar ár hvert, manntalsskrá yfir alla íbúa sveitarfélagsins sl. ár ásamt upplýsingum um hvað varð af þeim sem horfið hafa af manntalinu á árinu og hvaðan þeir komu sem fluttust til sveitarfélagsins á því ári.

Einnig er stjórn safnsins skylt að tryggja Héraðsskjalasafninu samrit af aðalmanntölum fyrir Dalvíkurbyggð sem fram fara samkvæmt lögum tíunda hvert ár.

6. grein

Stjórn og forstöðumaður skulu á hverjum tíma sjá um að skilaskylda á gögnum þeirra opinberra stofnanna og nefnda sem greind eru í 4. grein hér að framan skili inn til safnsins skilaskyldum skjölum. Stjórn og forstöðumaður skulu jafnframt gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná inn til safnsins bókum og skjölum frá hinum “frjálsu félögum” sem greinir í 4. grein. Að löðru leyti verður safnið rekið, eftir því sem við verður komið, í samræmi við safnalög nr. 106/2001 og gildandi reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 7/1994.

7. grein

Óheimilt er með öllu að lána skjöl og bækur út úr safninu, nema til afnota í öðrum skjalasöfnum landsins eða opinberum bókasöfnum og þá gegn skriflegri yfirlýsingu hlutaðeigandi forstöðumanns um að hann taki ábyrgð á meðferð skjalanna og skilum þeirra innan ákveðins tíma.

Þó er heimilt gegn endurgjaldi að láta af hendi staðfest ljósrit af skjölum úr safninu til þeirra sem eftir kunna að leita og telja sig hafa brýna þörf til að fá í hendur slík gögn vegna rekstur dómsmála eða vegna upplýsingaröflunar, þegar unnið er að ritverkum eða í þágu einherrar útgáfustarfsemi.

8. grein

Reglugerð þessi skal borin upp í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar til samþykktar. Stjórn Héraðsskjalasafns Svarfdæla getur breytt reglugerð þessari í einstökum atriðum að fengnu samþykki bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar. Slíkar breytingar skulu felldar inn í meginmál reglugerðarinnar og hún síðan gefin út að nýju í heild sinni.

*Samþykkt á fundi menningarráðs 11.03.2009.
Samþykkt á 199 fundi bæjarstjórnar þann 17. 03. 2009*